



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 7 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 10. júní 2014 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Hótel Hildibrand Hafnarbraut 2, Neskaupsstað.

Fundarstaður Kreml, Egilsbraut 11, Neskaupsstað

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Eydís

Ásbjörnsdóttir, Páll Baldursson, Jón Björn Hákonarson, Gauti Jóhannesson og Bárður Jónasson.

Þá sat fundinn Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar og Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 6. maí 2014. Fundargerðin samþykkt
- b) Stjórnar SASS, 479. Fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 816. Fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- d) HAUST 116. Fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Landsneti þar sem vakin er athygli á umhverfisskýrslu og tillögu að kerfisáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu Landsnets. Stjórnin samþykkti að ítreka mikilvægi þess að dreifikerfi Landsnets væri þannig uppbyggt að það gæti þjónað íbúum og fyrirtækjum á svæðinu. Á undanförunum árum hefur borið á truflunum í dreifikerfi Landsnets á Austurlandi, jafnframt hefur rafmagn til iðnaðar á svæðinu verið skert með þeim afleiðingum að fyrirtæki hafa þurft að draga úr framleiðslu með tilheyrandi afkasta- og tekjutapi.
- b) Fulltrúa háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú þar sem óskað er eftir samstarfi við stjórn SSA um könnun á menntunarþörfum sveitarstjórnarfólks í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í gegnum árin haldið námskeið fyrir nýkjörna sveitarstjórnarmenn. Ólafi Áka falið að ræða við viðkomandi aðila um málið.

3. Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði dagana 19. og 20. september 2014:

- a) Farið yfir drög að dagskrá aðalfundar SSA 2014.
- b) Kynnt fyrirmynd að kjörbréfi sem notað verði af sveitarfélögum á Austurlandi fyrir fulltrúa á aðalfund SSA.

4. Önnur mál:

- a) Sameining sveitarfélaga. Kynntar niðurstöður skoðanakönnunar um vilja íbúa í Breiðdalshreppi til sameiningar við önnur sveitarfélög sem gerð var samhliða sveitarstjórnarkosningum í lok maí sl. Páll Baldursson fór yfir málið.
- b) Menningarsamningur Austurlands sem gildir út árið 2014 lagður fram til kynningar.

- c) Samningur um framlög til byggðapróunar á Austurlandi árið 2014 lagður fram. Í samningnum kemur fram að til SSA er varið kr. 27.7 milljónum, þar af til sóknaráætlunarverkefnis koma kr. 8,7 millj. og til vaxtarsamningsverkefna kr. 19.0 millj. Samkvæmt samningnum ber að skipa þarf fimm manna nefnd sem tekur við hlutverki stjórnar vaxtarsamnings.
- Eftirtaldir voru skipaðir: Páll Baldursson, Hafliði H. Hafliðason, Rögnvaldur Ólafsson, Eydís Ásbjörnsdóttir og Sóley Dögg Birgisdóttir. Til vara: Margrét Guðjónsdóttir og Jón Þórðarson. Þá var samþykkt að gera tillögu til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál að kr. 8.7 milljónir renni til verkefnastjóra sem vinnur að markaðssetningu á Austurlandi, með aðal áherslu á millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll ásamt kynningarefni því tengdu.
- d) Ný heimasíða Austurbrúar hefur verið tekin í notkun. Ólafur Áki, Sigrún Víglundsdóttir ásamt stjórn fóru yfir þætti sem þau telja að eigi heima á síðu SSA
- e) Rætt var um vinnu sem fram fer á vegum starfsháttanefndar, en nefndin er að vinna að tillögum um framtíðarskipulag Austurbrúar og SSA. Þá fór Jóna Árný framkvæmdarstjóri Austurbrúar yfir málefni Austurbrúar.

Fundi slitið kl. 16:10

Ólafur Áki Ragnarsson,